

AUGNLÆKNAR

FIMMTUDAGUR 26. APRÍL 2012

Kynningarblað Laseraðgerðir, augasteinsaðgerðir, gleraugu og linsur.



Nýtt líf

Leiseraðgerðir á auga endurmóta lögum hornhinnunnar og laga þar með sjónlagsgalla, nærsýni, fjarsýni eða sjónskekkju og þá sérstaklega fyrir þá með sjónskekkju,“ útskýrir Ólafur Már Björnsson, augnlæknir hjá augnlæknastöðinni Sjónlag.

Leiseraðgerð er góður kostur fyrir þá sem nota gleraugu eða linsur vegna sjónlagsgalla, nærsýni, fjarsýni eða sjónskekkju og þá sérstaklega fyrir þá með sjónskekkju,“ útskýrir Ólafur Már Björnsson, augnlæknir hjá augnlæknastöðinni Sjónlag.

Hann segir leiseraðgerðir ekki eiga við þegar um svokallaða ellifjarsýni er að ræða sem kemur fram upp úr fertugu. Sjónlag þurfi að vera orðið stöðugt áður en hægt sé að fara í leiseraðgerð. „Almennt er sjónlag orðið stöðugt um 20 til 25 ára aldur og mikill misskilningur að sjónlag sé í stórum mæli að breytast hjá fólki. Þvert á móti er það stöðugleikinn sem gerir okkur kleift að laga sjónlagið með þessum hætti,“ segir Ólafur.

„Áður en farið er í aðgerð fer fram skoðun þar sem augað er metið og skoðað með tilliti til þess hvort eitthvað bendi til þess að ekki ætti að gera aðgerðina, svo sem veikleikar í uppbyggingu augans. Þá er einnig farið yfir kosti og galla þess að fara í slíka aðgerð svo væntingar sjúklings séu raunhæfar.“

Aðgerðin sjálf er gerð í tvennu lagi. Byrjað er á að skera flipa framan á hornhimnu, honum lyft frá. Leisarin er svo notaður til að breyta lögum hornhinnunnar og hafa þannig áhrif á ljósbrotið og núllstilla það, en það er það sama og gleraugu gera. Flipinn er svo lagður á sinn stað og grær með



Ólafur Már Björnsson og Óskar Jónsson, augnlæknar hjá augnlæknastöðinni Sjónlagi í Glæsibæ.

MYNDVILHELM

tímanum. Helstu eftirköst er augnþurrkur sem hverfur svo til alltaf innan 6 mánaða.

„Aðgerðin sjálf tekur ekki nema 15 mínútur. Fólk er hér á staðnum í um það bil eina klukkustund, fer svo heim og hvílir sig og í flestum tilvikum getur það horft á

sjónvarpið um kvöldið. Það er alls ekki alltaf nauðsynlegt að taka sér frí frá vinnu daginn eftir,“ útskýrir Ólafur.

Þá er aðgerðinni fylgt eftir með eftirskoðunum í allt að 6 mánuði eða eins lengi og þörf krefur. Ólafur segir leiseraðgerðir

löngu hafa sannað gildi sitt. „Það er búið að gera þetta með einum eða öðrum hætti í bráðum þrjátíu ár og reynslan af þessum aðgerðum er mjög góð. Til vitnis um góðan árangur eru einmitt algeng ummæli fólks um að það hafi öðlast nýtt líf eftir aðgerð.“

Augasteinsaðgerðir

Augasteinaskipti eru ein algengasta aðgerðin sem gerð er í dag. Aðgerðin er mjög örugg og er eina meðferðin við skýi á augasteini.

Ský á augasteini kallast það þegar breytingar verða á augasteini sem minnka gegnsæi hans. Afleiðingin er sjónskerðing, þ.e. móðusjón og glýja fyrir augum,“ útskýrir Óskar Jónsson, augnlæknir á augnlæknastöðinni Sjónlagi.

Hann segir ský á augasteini geta komið fyrir á öllum aldri, en verði þó algengara með hækkandi aldri. Skurðaðgerð, þar sem augasteinninn er fjarlægður og gerviaugasteini komið fyrir, er eina meðferðin við skýi á augasteini.

„Algengara er að augasteinsaðgerðir séu gerðar á þeim sem eldri eru en þetta er ein algengasta og öruggasta aðgerðin sem gerð er. Í yfir níutíu prósentum tilvika gengur hún án fylgikvilla og sjúklingurinn fær betri sjón,“ segir Óskar. Aðgerðin tekur 10 til 15 mínútur og er venjulega gerð í staðdeygingu. Gerðir eru litlir skurðir á augað og augasteinninn síðan brotinn niður inni í auganu með hljóðbylgjum. Hann er síðan sogaður út og gerviaugasteini er að lokum komið fyrir þar sem sá gamli var. Óskar segir fólk yfirleitt fljótt að jafna sig eftir aðgerðina.

„Viðkomandi getur lifað eðlilegu lífi einum til tveimur dögum eftir aðgerð. Stundum getur tekið nokkrar vikur að fá fulla sjón. Miklar framfarir hafa orðið á síðustu árum, bæði á tækjabúnaði og í hönnun



Óskar skiptir um augastein í sjúklingi á skurðstofunni.


gerviaugasteina. Í dag eru til margar mismunandi tegundir gerviaugasteina og hægt að leiðrétta nærsýni, fjarsýni og sjónskekkju samhliða

þessari aðgerð,“ útskýrir Óskar. Algengt er að fólk sem notað hefur gleraugu til fjölda ára þurfi þau ekki í kjölfar augasteinsaðgerðar.

Flestir þurfa þó á leskleraugum að halda, en til eru gerviaugasteinar sem minnka einnig þörf fyrir þau.



Miklar framfarir hafa orðið á síðustu árum, bæði á tækjabúnaði og í hönnun gerviaugasteina.



Gerðir eru litlir skurðir á augað og augasteinninn síðan brotinn niður inni í auganu með hljóðbylgjum. Hann er síðan sogaður út og gerviaugasteini er að lokum komið fyrir.



Þórður Sværriðson augnlæknir segir Lasik-aðgerðina vera algengustu sjónlagsaðgerð í heiminum enda séu milljónir slíkra aðgerða framkvæmdar á hverju ári.

MYND/STEFÁN KARLSSON

Mikils virði að sjá án hjálpertækja

Sjónlagsaðgerðir og augasteinsskipting hafa verið sérsvið LaserSjónar í tólf ár. Læknar stöðvarinnar eru með þeim reynslumestu á Norðurlöndum.

LaserSjón var fyrsta stofan hérlandis til að sérhæfa sig í sjónlagsaðgerðum þar sem laser-meðferð er beitt á hornhimnu augans til að laga sjónlagsgalla. Fyrirtækið var stofnað um áramótin 1999-2000 og hefur á þessu tímabili framkvæmt á annan tug þúsunda aðgerða að sögn Þórðar Sværriðsonar, augnlæknis og annars stofnanda stofunnar. „Við höfum á að skipa reyndustu sérfræðingum á þessu sviði hérlandis og búum yfir háþrúðum tækjabúnaði til sjónlagsaðgerða og meðferða.“ Sérsvið stofunnar er að sögn Þórðar leiðrétting á nærsýni, fjarsýni og sjónskekkju. „Allt sem gleraugu geta lagað getum við lagað og ýmislegt annað til.“

Augnlæknarnir Þórður Sværriðson og Eiríkur I. Þorgeirsson stofnuðu LaserSjón á sínum tíma. Auk þeirra tveggja starfar Keith Warren einnig hjá þeim, en hann er sérfræðingur í augnskurðlækningum. LaserSjón er ein af stærri Lasik-aðgerðastöðvum á Norðurlöndum og eru læknar stöðvarinnar því með þeim reynslumestu á Norðurlöndum. Auk laser-meðferða á augum framkvæmir stofan einnig augnsteinaaðgerðir.

Frumkvöðlar á sínu sviði

Fyrir stofnun LaserSjónar segir Eiríkur þá hafa fylgst vel með þróuninni erlendis í þeim aðgerðum sem miða að því að losa fólk við gleraugu. Fjöldi slíkra aðgerða var einmitt að springa út

á þessum tíma segir hann. „Við vorum fyrstir hérlandis í þessum aðgerðum og því frumkvöðlar á okkar sviði hér á landi. Auk þess vorum við líka lengi vel eina hreinræktaða fyrirtækið í augnaðgerðum.“ Að sögn Eiríks hefur orðið mikil þróun á hugbúnaði laser-tækja á þessu tímabili, auk þess sem verðmæt þekking hefur myndast hérlandis sem erlendis varðandi hverjir mega fara í svona aðgerðir og hverjir ekki.

Þórður segir Lasik-aðgerðina vera algengustu sjónlagsaðgerð í heiminum í dag enda séu milljónir slíkra aðgerða framkvæmdar á hverju ári. „Slíkar aðgerðir henta til dæmis vel þeim sem vilja ekki vera háðir gleraugum og linsum, hvort sem þar er í daglegu lífi, vinnu eða íþróttum. Auk þess sem sumir geta ekki notað linsur sökum ofnæmis eða annarra óþæginda.“

Mikill vöxtur í augasteinsaðgerðum

Að sögn Eiríks eru viðskiptavinir stofunnar fólk á öllum aldri. Yngstu viðskiptavinirnir eru um tvítugt og þeir elstu komnir yfir áttrætt. „Algengasti aldursþópurinn sem kemur hingað er nærsýnt fólk í kringum þrítugt. Annar stór hópur er fjarsýnt fólk á milli 45-55 ára.“ Þeir segja stóra vandamálið vera aldursfjarsýni. Ekki sé hægt að bæta sjónina og færa hana í sama horf og hún var þegar fólk var ungt en þó sé hægt að bæta hana þannig að fólk geti bjargað sér gleraugnalaut.



Eiríkur I. Þorgeirsson augnlæknir gerir aðgerð á sjúklingi.

MYND/STEFÁN KARLSSON

Hin megináherslan í þjónustu LaserSjónar er augasteinsaðgerðir. Þá er skipt um augastein og er aðgerðin bæði fyrir þá sem eru með ský á augasteini og þá sem vilja losna við gleraugu eða linsur. Mikill vöxtur er í slíkum aðgerðum þar sem markmiðið er að losna við gleraugu að sögn Þórðar. Þá eru að koma á markað nýjar tegundir gerviaugasteina sem bæta árangur verulega. Þeir spá því að slíkum aðgerðum eigi eftir að fjölga mikið á næstu árum en augasteina-

aðgerðir eru einkum ætlaðar fólki um fimmtugt og eldra.

Færeyingar fjölmennir

Viðskiptavinir frá Færeyjum hafa einnig fjölmennt til LaserSjónar undanfarin ár. Eiríkur segir þá hafa markaðssett sig þar upp úr aldamótum og að straumur þaðan hafi verið nokkuð stöðugur. „Færeyingar hafa sérstaklega aukið komur sínar hingað eftir bankahrunið. Verðið er óbreytt í íslenskum krónum þannig

að útlendingar eru að fá þessa þjónustu nánast á hálfvirði miðað við heimalandið sitt.“ Þórður og Eiríkur eru sammála um að Íslendingar hafi sótt mikið í þessar aðgerðir, samanborið við nágrannabjórðir okkar. Ljóst sé þó að sjónbætandi aðgerðum sem hafa það markmið að losa fólk við gleraugu og linsur muni eingöngu fjölga á komandi árum þar sem augu almennings hafi opnast fyrir því hve mikils virði það er að opna augun og sjá án hjálpertækja.

Handhæg hjálpartæki

Gleraugu eru talin vera eitt algengasta hjálpartæki sem menn nota þrátt fyrir að leiseraðgerðum á hornhimnum augna fjölgi sífellt. Hér verður saga gleraugna rakin en hún er talin eiga sér rætur allt aftur til þrettánda aldar og jafnvel fyrr.

■ Vitað er að stækkunarlinnur í ramma komu fram á sjónarsviðið í Evrópu og Asíu á 13. öld, þótt umdeilt sé á hvorum stað tæknin er upprunnin.

■ Robert Grosseteste, enskur fræðimaður og biskup, minnst á notkun sjóntækja í ritgerð sinni *De iride*, sem hann skrifaði milli 1220 og 1235. Nokkrum áratugum síðar, 1268, fjallar fransiskumunkurinn Roger Bacon um glerlinnur í skrifum sínum.

■ Gleraugu borin á nefi litu dagsins ljós undir lok 13. aldar. Þau komu fyrst fram á sjónarsviðið að undirlagi förumunksins Alessandro di Spina í Flórens.

■ Gleraugum bregður fyrst fyrir í málverki árið 1352. Það er málað af Tommaso da Modena og sýnir kardinálann Hugh frá Provence með gleraugu.

■ Talið er að bandaríski vísindamaðurinn Benjamin Franklin, sem var nærsýnn, hafi fundið upp tvískipt gleraugu árið 1784. Helmingur glersins var notaður í þeim tilgangi að sjá nær sér og hinn langt frá sér.

■ Snemma á 20. öld þróaði þýski vísindamaðurinn Moritz von Rohr svokölluð Zeiss Punktal-gleraugu, með linsum sem jafna út sjónsviðið.



Tækni sem liggur að baki sjónmælingum þykir hafa fleygt fram á síðustu árum. Þessi mynd sýnir sjónmælingar um miðja síðustu öld. NORDICPHOTOS/GETTY

■ Þrátt fyrir vinsældir linsa og leiseraðgerða eru gleraugu enn algeng, meðal annars vegna þeirra þróunar sem hefur átt sér stað í gerð þeirra. Sem dæmi fást nú um-

gjarðir sem eru léttari en áður og hægt er að beygja að vild þannig að gleraugu endast betur en áður.

Heimild: wikipedia.org og visindavefur.hi.is


STÆRSTA EINKASAFN GLERAUGNA

Einn frægasti gleraugnaglámur samtímans er breski tónlistarmaðurinn Elton John. Þegar hann byrjaði að nota gleraugu ungur að árum fékk hann þau frá bresku heilbrigðisþjónustunni. Þau gleraugu þóttu engin hátískugleraugu og hafa líklegast haft áhrif á smekk hans seinna meir en Elton John hefur lengi verið þekktur fyrir skrautlegt og litfagurt gleraugnasafn sitt. Hann byrjaði að safna gleraugum fljótlega eftir að tónlistarferill hans hófst. Meðal þekktari gleraugna hans má nefna gleraugu með strútsfjöðrum og önnur sem innihéldu 57 ljósaperur. Perurnar mynduðu nafn söngvarans og þegar kveikt var á þeim lýsti nafn hans yfir allan tónleikasalinn. Hard Rock-veitingahúskéðjan keypti seinni gleraugun á uppboði árið 2010 á rúmlega tvær milljónir króna. Það hefur lengi verið á huldu hversu mörg gleraugu söngvarinn á í raun og veru eða hversu mörg hann hefur borið um ævina. Árið 2002 sagðist hann eiga um tvö þúsund gleraugu en nýlega sagði hann í viðtali við bresku útvarpsstöðina BBC að líklega ætti hann um 20.000 gleraugu. Sé það rétt er óhætt að fullyrða að hann eigi stærsta einkasafn gleraugna í heiminum. Sjálfur segist hann kjósa að eyða auðæfum sínum í kaup á gleraugum frekar en ýmsum tækninýjungum. Þannig segist hann í viðtölum hvorki eiga tölvu, Ipod né farsíma.

Erfitt er að leggja mat á verðmæti gleraugnasafns söngvarans. Sé miðað við verð sem fást fyrir gleraugu hans á ýmsum uppboðum má áætla að safnið sé yfir sex milljarða króna virði. Með hækkanði aldri tónlistarmannsins hafa skrautlegu gleraugun smátt og smátt vikið fyrir hefðbundnari og klassiskari gleraugum enda kappinn nýlega orðinn 65 ára.



SÓTTREINSUN MIKILVÆG



Augnlinsur sem við þekkjum í dag, svokallaðar mjúkar linsur, komu á heimsmarkað um eða upp úr 1965 en þær eru gerðar úr ýmsum afbrigðum akrýlplastefna. Áður, eða í kringum 1945, voru komnar til sögunnar harðar linsur sem eru gerðar úr stífu plastefni. Séu venjulegar snertilinsur notaðar eins og framleiðandinn ætlast til eru þær mjög sjaldan skaðlegar eða hættulegar fyrir augun. Mesta og alvarlegasta hættan við notkun snertilinsa eru sýkingar, oftast af völdum baktería eða vegna annarra sýkla. Þess vegna er sóttreinsun langmikilvægasta atriðið varðandi linsunotkun, það er, að geyma linsurnar alltaf í sóttreinsivökva yfir nóttina eða þegar þær eru ekki í augunum. Aldrei má geyma linsurnar í venjulegu kranavatni eða saltvatni því þar leynast sýklar. Ofnotkun augnlinsa er varasöm en margir halda að það sé unnt að nota linsurnar allan vökutímann, alla daga vikunnar svo árum skiptir. Svo er þó alls ekki. Þol fólks fyrir snertilinsum er mjög misjafnt og eru augnlæknar einkum færir til að segja til um það. Því ættu allir sem nota linsur að einhverju ráði að fara í eftirlit hjá augnlækni á hverju ári.

Heimild: Visindavefurinn.is

Líttu vel út í sumar!



Sólgleraugu með styrk á viðráðanlegu verði.



Eyesland · Gleraugnaverslun · Glæsibæ, 5. hæð · Sími 577 1015 · www.eyesland.is

augnlæknar
garðabæ



- Björn Már Ólafsson
- Jens Þórisson

Garðatorgi 7

555 4556